

Til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 122/1326
komudagur 19. 3. 198

Frá Hagstofu Íslands

Vísað er til beiðni yðar um umsögn Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um dánarvottorð, 464. mál, heildarlög.

Fulltrúi Hagstofunnar, Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri, átti drjúgan þátt í að undirbúa og semja þetta frumvarp. Sjónarmiðum Hagstofunnar hefur því verið haldið til skila og mælir Hagstofan með samþykkt þess. Hagstofan leggur þó til að heilbrigðis- og trygginganefnd athugi sérstaklega hvort ekki væri skynsamlegt að seinka gildistöku fyrirhugaðra laga til 1. janúar 1999. Þegar nefndin gerði þá tillögu um gildistöku 1. júlí 1998, sem nú er í frumvarpinu, gerði hún ráð fyrir að málið kæmi mun fyrr til kasta Alþingis en raunin hefur orðið. Hins vegar er nauðsynlegt að nægur tími gefist til að ljúka gerð nýs dánarvottorðs, skrifa ítarlegar leiðbeiningar um útfyllingu þess og meðferð, eins og gert hefur verið á hinum Norðurlöndunum, og kynna málið fyrir þeim sem með vottorðin eiga að fara, sérstaklega læknum og sýslumönnum. Brýnt er að vandað sé til þessa svo breytingin fari ekki í handaskolum í upphafi.

Hagstofan er að sjálfsögðu reiðubúin til frekara samráðs um þetta mál. Komi til þess, er þess óskað að nefndin hafi samband við Skúla Guðmundsson.

Virðingarfyllt

Hallgrímur Snorrason